

**Reykjanesbær
Bt. Gunnars Kr. Ottóssonar
Skipulagsfulltrúa
Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbæ**

01. desember 2020

Efni: Samstarf við vinnu deiliskipulaga á Ásbrú.

Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf. fer þess á leit við Reykjanesbæ að taka upp í samstarfi við Þróunarfélagið vinnu við deiliskipulög svæða á Ásbrú. Annars vegar deiliskipulag svæðis er nær frá Grænásbraut í suðri og norður að Valhallarbraut og er nefnt „forgangssvæði/gamla hverfið“ í rammaskipulagi Ásbrúar til 2050 og hins vegar deiliskipulag athafnasvæðisins að Tæknivöllum.

Rammaskipulag Ásbrúar sem kynnt var í mars sl. mótar rammann að umbreytingu hverfisins. Það gefur tóninn með þéttingu og aukinni þjónustu og fegrún hverfisins. Með góðu skipulagi og uppbryggingarheimildum geti Ásbrú orðið að mjög eftirsóknarverður bæjarhluti. Mikilvægt er að skipulagið verði fest í sessi sem rammahluti aðalskipulags og raungert með vandaðri deiliskipulagsvinnu og hönnun.

Til að uppbrygging og þétting svæða á Ásbrú geti hafist er þarf að koma til móts við þá lóðarhafa á svæðinu er huga að framkvæmdum. Mikilvægt er því að vinna við deiliskipulag á svæðinu hefjist sem fyrst.

Eingöngu eru til deiliskipulög fyrir athafnasvæði Tæknivalla og gagnaver Verne. Við gerð þessara skipulaga var mikið til stuðst við lóða- og mæliblöð frá þeim tíma sem svæðið var byggt upp en komið hefur í ljós misræmi sem nauðsynlegt er að yfirfara, leiðréttu og samræma.

Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf. óskar eftir samstarfi við Reykjanesbæ við vinnu deiliskipulaga fyrir þessi tvö ofangreind svæði.

F.h. Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf.


Pálmi Freyr Randversson, framkvæmdastjóri